

Eftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga

**EFS**

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 22. júní 2022  
Tilv.: IRN22020158/4.11.3

Efni: Ársreikningur 2021 og fjárhagsáætlun 2022

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2021. Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2021 er rekstrarniðurstaða fyrir A- og B-hluta neikvæð um 1.790 m.kr. Litið til jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga er samanlögð rekstrarniðurstaða ársins 2021 og fjárhagsáætlun ársins 2022 og 2023 neikvæð um 2.870 m.kr. fyrir A- og B-hluta. Samkvæmt ársreikningi 2021 er skuldaviðmið sveitarfélagsins 139% og því innan við 150% skuldaviðmið skuldareglu sveitarstjórnarlaga.

Þegar litið er til A-hluta þá er rekstrarniðurstaðan neikvæð um 2,1 ma.kr. og skuldaviðmið 141%. Framlegðarhlutfall er neikvætt um 8,4% og er því sveitarfélagið að fjármagna reksturinn með auknum lántökum sem er nokkuð áhyggjuefni. Á sama tíma eru miklar fjárfestingar sem nema um 30% af skatttekjum á árinu 2021.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr.138/2011 er sveitarstjórnnum heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025. Þrátt fyrir það vill EFS minna sveitarstjórn á ákvæði 77. gr. sveitarstjórnarlaga en þar kemur meðal annars fram að sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags og að sveitarstjórn skuli gera EFS viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni.

Á fundi EFS með fulltrúum Árborgar þann 8. mars sl. var farið yfir fjármál sveitarfélagsins. Þar kom fram að gert væri ráð fyrir í halla í útkomuspá 2021 sem reyndist síðan vera mun meiri en útkomuspáin sýndi. Jafnframt kom fram að bæta þurfi áætlunarmódelið til þess að spá betur fyrir um útgjaldaaukningu í samræmi við íbúafjölgun. Í ljósi þessa þá er það mat EFS að endurskoða þurfi fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og langtímaáætlun sveitarfélagsins.

Eftirlitsnefndin hefur áhyggjur af fjárhagsstöðunni og leggur áherslu á að sveitarfélagið leiti allra leiða til að koma jafnvægi á reksturinn. Jafnframt er óskað eftir að fá fund með fulltrúum Árborgar að loknum sumarleyfum til að fara yfir fjármálin.

Fyrir hönd Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson  
formaður

Gústav Aron Gústavsson

